

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 913/2013

2014/EES/12/13

frá 23. september 2013

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun sætuefna í tiltekið smurálegg úr aldinum eða grænmeti (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, einsím í matvælum og bragðefni í matvælum⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á sætuefni í allar vörur í matvælaundirflokknum 04.2.5.3. „Annað sambærilegt smurálegg úr aldinum eða grænmeti“ í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 var lögð fram 9. maí 2012. Undir þennan undirflokk fellur smurálegg úr aldinum eða grænmeti sem er svipað og sulta, hlaup og mauk eins og skilgreint er í tilskipun ráðsins 2001/113/EB frá 20. desember 2001 varðandi aldinsultu, ávaxtahlaup og -mauk og kastaníuhnetumauk með sætuefni til manneldis⁽³⁾. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 5) Í tilskipun 2001/113/EB er að finna lýsingu og skilgreiningu á sultu, hlaupi og mauki. Smurálegg úr aldinum eða grænmeti, sem er svipað og sulta, hlaup og mauk, sem fellur undir matvælaundirflokkinn 04.2.5.3, getur innihaldið önnur innihaldsefni en þau sem skráð eru í II. viðauka við tilskipun 2001/113/EB (t.d. vítamín, steinefni og bragðefni).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 252, 24.9.2013, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 67.

- 6) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er leyfð notkun á sætuefnunum asesúlfam-K (E 950), sýklamínsýru og natríum- og kalsíumsöltum hennar (E 952), sakkari og natríum-, kalíum- og kalsíumsöltum þess (E 954), súkralósa (E 955), neóhesperidíni DC (E 959) og stevíólglykósíða (E 960) í orkuskerta sultu, hlaup og mauk sem og í annað svipað smurálegg úr aldinum á borð við smurálegg úr aldinum, sem er orkuskert eða án viðbættis sykurs, að stofni til úr þurrkuðum aldinum.
- 7) Rýmkun á notkun þessara sætuefna til að hún nái yfir allt annað svipað orkuskert smurálegg úr aldinum eða grænmeti mun gera það kleift að nota þau á svipaðan hátt og í orkuskertri sultu, hlaupi og mauki.
- 8) Þar eð smurálegg úr aldinum eða grænmeti er notað sem annar valkostur í stað sultu, hlaups og mauks mun notkun sætuefnis í smurálegginu ekki leiða til aukinna váhrifa á neytandann og skapar því ekki öryggisvanda.
- 9) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að slík uppfærsla hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð rýmkun á notkun á asesúlfam-K (950), sýklamínsýru og natríum- og kalsíumsöltum hennar (E 952), sakkari og natríum-, kalíum- og kalsíumsöltum þess (E 954), súkralósa (E 955), neóhesperidíni DC (E 959) og stevíólglykósíða (E 960) til að hún nái yfir allt annað svipað orkuskert smurálegg úr aldinum eða grænmeti telst vera uppfærsla á þeirri skrá sem ólíklegt er talið að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.
- 10) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. september 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II, viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar fyrir E 950 í matvælaundirflokki 04.2.5.3 „Annað sambærilegt smuralegg úr aldinum eða grænmeti“ komi eftirfarandi:

„E 950	Asesúlfam-K	1 000		Einungis orkuskert smuralegg úr aldinum eða grænmeti og brauðalegg, að stofni til úr þurrkuðum aldinum, orkuskert eða án viðbættis sykurs“
--------	-------------	-------	--	--

2) Í stað færslanna fyrir E 952, E 954, E 955, E 959 og E 960 í matvælaundirflokki 04.2.5.3 „Annað sambærilegt smuralegg úr aldinum eða grænmeti“ komi eftirfarandi:

„E 952	Sýklaminsýra og natríum- og kalsíumsólt hennar	500	(51)	Einungis orkuskert smuralegg úr aldinum eða grænmeti og brauðalegg, að stofni til úr þurrkuðum aldinum, orkuskert eða án viðbættis sykurs
E 954	Sakkarín og natríum-, kalíum- og kalsíumsólt þess	200	(52)	Einungis orkuskert smuralegg úr aldinum eða grænmeti og brauðalegg, að stofni til úr þurrkuðum aldinum, orkuskert eða án viðbættis sykurs
E 955	Súkralósi	400		Einungis orkuskert smuralegg úr aldinum eða grænmeti og brauðalegg, að stofni til úr þurrkuðum aldinum, orkuskert eða án viðbættis sykurs
E 959	Neóhesperidín DC	50		Einungis orkuskert smuralegg úr aldinum eða grænmeti og brauðalegg, að stofni til úr þurrkuðum aldinum, orkuskert eða án viðbættis sykurs
E 960	Stevíólglykósið	200	(60)	Einungis orkuskert smuralegg úr aldinum eða grænmeti og brauðalegg, að stofni til úr þurrkuðum aldinum, orkuskert eða án viðbættis sykurs“